

Mbl. 20. sept. 1945

Merkilegur Miðjarðar- hafs fiskur við strendur Íslands

Það er ástæða til að láta sjer þykja tíðindum sæta, að þessi merkilegi Miðjarðarhafsiskur, sem dýrafræðingar nefna *thynnus vulgaris* (eða *oreynus thynnus* eða *thunnus thynnus*), skuli vera farinn að sjást hjer við land, og það svo mjög, að á þessu sumri, virðist, eftir því sem af er sagt, jafnvel geta hafa verið um vöður að ræða. En fyrir hálfri öld var talið að þessi fiskur sæist varla norðar en við strendur Englands. Er þetta mikilsverður veiðifiskur, svo stór og þungur sem hann er. En einnig frá líffræðilegu sjónarmiði er hann talinn til merkisfiska, blóðið í honum heitara en í flestum fiskum öðrum, enda er hann mjög sterkur og fjörmikill. Og af því er leitt nafnið, sem er grískt að uppruna (*Pygnos*); en þá berð táknað að fiskur þessi sje mjög hraðsyndur og sprettharður. — Við tún má ekki með neinu móti kenna fisk þenna, og væri slík heimska í litlu samræmi við það vit og þá mál-

snild sem lýsir sjer í mörgum fornislenskum og norrænum nafngiftum. Mætti þar nefna fiskaheiti eins og t. d. lax og birtingur, sem hvorttveggja þýðir hinn bjarti fiskur (lax f. glax; en glaður er sama sem bjartur). Fleiri góð fiskaheiti mætti telja, eins og t. d. uppsi sem er leitt af því hversu miklu meir þessi fiskur veður uppi í sjó, heldur en náfrændi hans þorskurinn. Lýsa er einnig gott nafn, og enn hákarl, leitt af því að bakuggar þeirra fiska, minna á hái (keipa) á borðstokk (hástokk). —

Jeg ætla ekki að stinga uppá neinu nafni á þessum nýja og stórkostlega nytjafiski við strendur Íslands, m. a. vegna þess að jeg hefi ekki sjeð fiskinn lifandi. En mælast vil jeg til þess, að honum sje gefið eitt hvert heiti, sem meir er í samræmi við önnur fiskaheiti íslensk, en það nafn sem hingað til hefir verið notað, og ekkert vit er í.

13. sept '45.

Helgi Pjeturss.